

# Byggingarnefnd Suður-Þingeyinga

## FUNDARGERÐ

### 37. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga mánudaginn 16. maí árið 2011. Fundurinn fór fram að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13<sup>00</sup>.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Helgi Hallsson, Kobeinn Kjartansson, Kristján Snæbjörnsson, Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 201105025 – Erindi frá Elíasi Erni Óskarssyni, Kambagerði 5, Akureyri**  
Elías Örn Óskarsson sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við frístundahús að Höfðabyggð B-17. Viðbyggingin er á tveimur hæðum, neðri hæð að hluta steinsteypt en að öðru leiti úr timbri, stærð samtals 64 m<sup>2</sup>. Teikningar eru unnar af Reyni Adamssyni arkitekt.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið enda telur hún teikningar vera í samræmi við deiliskipulag.*
- 201105011 – Erindi frá Sigurði Arnari Ólafssyni, Noregi**  
Sigurður Arnar Ólafsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Merkjagróf 4 í landi Hróarsstaða, Fnjóskadal. Húsið er samtals 74,2 m<sup>2</sup>, timburhús á steiptum grunni. Teikningar eru unnar af Halldóri Stefánssyni byggingartæknifræðingi.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
- 201104009 - Erindi frá Jóhanni Gestssyni, Stórhóli 7, Húsavík**  
Jóhann Aðalgeir Gestsson sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við vélageymslu og að breyta henni í íbúðarhús. Vélageymslan stendur á nýstofnaðri íbúðarhúslóð úr landi Álftagerðis 4, Mývatnssveit. Húsið er stækkað um 10,5 m<sup>2</sup> og þaki lyft þannig að þar kemur viðbótarrými. Samtals verður húsið 89,5 m<sup>2</sup>. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
- 201104088 – Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni, Austurhlíð, Mývatnssveit**  
Pétur Snæbjörnsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Birkilandi 14, eftir breyttum teikningum. Fjallað var um málið á síðasta fundi en nú hafa borist nýjar teikningar af stærri húsum. Teikningar eru unnar af Haraldi S. Árnasyni á H.S.Á. teiknistofu.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið á þeim forsendum að sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi.*

## ***Byggingarnefnd Suður-Þingeyinga***

5. **201105030 – Erindi frá Hlíð ferðaþjónustu ehf. Mývatnssveit**  
Gísli Sverrisson f.h. Hlíðar ferðaþjónustu ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir 18,5 m<sup>2</sup> viðbyggingu, gámaeiningu, við gistiskála A-400.  
*Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að erindið verði samþykkt enda verði reykskynjarar samtengdir í samræmi við grein 110.21 í byggingarreglugerð.*
6. **201105033 – Erindi frá Baðfélagi Mývatnssveitar hf.**  
Baðfélag Mývatnssveitar hf. sækir um byggingarleyfi fyrir forstofu við móttökuhús. Hlíðarveggir settir undir skyggni.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að skilað verði inn fullnægjandi teikningum.*
7. **201105002 – Erindi frá Hrafnhildi Björnsdóttur, Vættagili 24, Akureyri**  
Hrafnhildur Björnsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu milli bílgeymslu og frístundahúss að Höfðabyggð 24, Lundsskógi. Viðbyggingin er 13,5 m<sup>2</sup>. Teikningar eru unnar af Birgi Ágústssyni.  
*Byggingarnefnd telur bygginguna í samræmi við deiliskipulag og samþykkir því erindið á þeim forsendum að fullnægjandi teikningum verði skilað inn til byggingarfulltrúa.*
8. **201105057 – Erindi frá Þuríði Davíðsdóttur, Hrísgarði**  
Þuríður Davíðsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús að Hrísgarði III, Fnjóskadal. Húsið er timburhús á steiptum sökkli 97,6 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Bjarna Reykjalín arkitekt.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
9. **201105058- Erindi frá Vagni Hauki Sigtryggssyni, Hriflu II**  
Vagn Haukur Sigtryggsson sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhúsið að Hriflu II. Viðbyggingin er timburhús á steiptum sökkli 61,8 m<sup>2</sup>. Teikningar eru unnar af Bjarna Reykjalín arkitekt.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
10. **201105059- Erindi frá Ívari Sigmundssyni, Bröttuhlíð 3, Akureyri**  
Ívar Sigmundsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Höfðabyggð E-14, Lundsskógi. Húsið er timburhús 68,9 m<sup>2</sup> að grunnfleti á steiptum 36 m<sup>2</sup> kjallara. Svefnloft er yfir hluta hússins 31 m<sup>2</sup> brúttó. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
11. **201103047- Erindi frá Fuglasafni Sigurgeirs ses. Mývatnssveit**  
Erindið er tekið upp aftur eftir frestun á síðasta fundi.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að fullnægjandi teikningum verði skilað inn til byggingarfulltrúa.*
12. **201008064- Erindi frá Kolbeini Kjartanssyni, Hraunkoti 1, Aðaldal**  
Kolbeinn Kjartansson sækir um endurnýjað byggingarleyfi á bogabragga sem samþykktur var 2009, 70 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikning er unnin af Gauki Hjartarsyni. Kolbeinn og Gaukur viku af fundi.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

## *Byggingarnefnd Suður-Þingeyinga*

### **13. 201105065 – Erindi frá Dagbjörtu Jónsdóttur f.h. Jóns Sigurjónssonar**

Sótt er um byggingarleyfi fyrir sólpalli við sumarbústað 231-7897 í landi Seláss í Reykjadal.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14<sup>25</sup>.

Eiður Árnason  
Kolbeinn Kjartansson  
Helgi Hallsson  
Kristján Snæbjörnsson  
Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri  
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi